

*Breiðagerðisskóli*  
2009 – 2010



2.

*Bekkur*  
1

## Efnisyfirlit

Um árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum .....	4
Nestis og matarmál nemenda .....	4
Heimanám.....	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska .....	6
Stærðfræði .....	17
Samfélagsfræði.....	23
Náttúrufræði .....	25
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	27
Lífsleikni.....	29
Tölvu og upplýsingamennt.....	31
Myndmennt .....	35
Textílmennt .....	37
Námsmat.....	38
Hönnun og smíði .....	39
Tónmennt.....	41
Heimilisfræði.....	43
Skólaíþróttir .....	45
Sund .....	47
Dans .....	49
Útikennsla.....	51
Sérkennsla .....	52

## Um árganganámskrá

Í árganganámskrá 2. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

### Kennarar í árganginum

Ragna Lára Jakobsdóttir	umsjónarkennari
Sigríður Knútsdóttir	umsjónarkennari
Guðmundur Jörundsson	íþróttakennari
Halla Leifsdóttir	smíðakennari
Heba K. Hallsdóttir	talkennari
Hildur Björnsdóttir	textílmenntkennari
Hlynur Hrafn Hallbjörnsson	stuðningsfulltrúi
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	danskennari
Kristín Einarsdóttir	myndmenntakennari
Kristín Pétursdóttir	sérkennari
Magnea Jóhannsdóttir	námsráðgjafi
Sigrún Erla Hákonardóttir	tónmenntakennari
Sigurður Reynir Ragnhildarson	íþróttakennari
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræðikennari
Valgerður Árnadóttir	sundkennari

## **Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum**

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur bekkjarskemmtunum að frumkvæði kennara eða bekkjarfulltrúa, á fyrri hluta haust-og vorannar. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

## **Nestis og matarmál nemenda**

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls. 16 segir m.a. um menntun:

„Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur”.

Við skipulag og matseðlagerð í Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnestinu. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun- og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti, grænmeti eða brauð með góðu álegg í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu leyfð

Þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu bréfleiðis eða með tölvupósti frá kennurum.

Í útikennslu taka nemendur stundum með sér heitt kakó.

## **Heimanám**

Heimanámið í 2. bekk byggir á aðstoð foreldra/forráðamanna. Mjög mikilvægt er að heimanámi sé vel sinnt. Kannanir hafa sýnt fram á að ef foreldrar sinna heimanámi vel og sýna náminu áhuga, þá hefur það jákvæð áhrif á námsárangur barnanna.

Lestur og orðabókavinna

Skriftaræfingar

Sögugerð

Stærðfræðiverkefni

Verkefni tengd tölvum og upplýsingatækni

Heimalestur og orðabókavinna er daglega. Annað heimanám fer heim á miðvikudögum og er skilað á mánudögum.

## **Námsmat**

Námsmati í 1.-4. bekk er skipt í leiðsagnamat og lokamat.

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list- og verkgreinum á yngri stigi eru tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri.

Lokamat er gefið tvisvar á ári í janúar og í júní. Í janúar er það afhent í viðtölum en í júní fá nemendur það afhent síðasta skóladaginn. Lokamatið er gefið í orðum

Ág. ( afburðagott) 95%-100%

Mg (mjög gott) 80%-94%

G (gott) 60%-79%

Ng. (nokkuð gott) 50%-59%

Nemandi sem nær minna en 50% námsmarkmiða er ekki að vinna við hæfi.

Námsmarkmið hjá nemenda sem nær minna en 50% námsmarkmiða þarf því að endurskoða.

## **Starfið í árganginum**

Árganginum er að mestu skipt upp í tvo hópa. Auk þess eru þrír listgreina- og heimilisfræðihópar, fjórir sundhópar, tveir íþróttahópar og tveir tónmenntahópar.

Allur árgangurinn fer í útikennslu og vinnur saman að þemaverkefnum.

Markmiðið með hópaskiptingu, útikennslu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda.

Vikulega fara nemendur á yngra stigi í hringekju. Meginmarkmið með henni er:

- að efla samvinnu og tengsl milli árganga á yngsta stigi (1. - 4. bekkur)
- að efla orðaforða og lesskilning
- að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda á fjölbreyttan hátt
- að efla skapandi skólastarf
- að auka fjölbreytni
- að efla nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum

Grunnurinn í stefnu Breiðagerðisskóla er sameiginleg ábyrgð á nemendum.

Verkefnið byggir á samvinnu nemenda og kennara í 1. - 4. bekk. Skólaárinu er skipt upp í nokkur þemu, sem unnin eru í ákveðinn tíma. Lögð verður áhersla á að

nemendur á misjöfnum aldri vinni saman að lausn viðfangsefna. Verkefni eru útfærð á fjölbreyttan hátt, þannig að þau koma til móts við alla nemendur og eru unnin úti sem inni.

# Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Byrjendalæsi

Í 2. bekk er stuðst við Byrjendalæsi í kennslu. Byrjendalæsi byggir á samvirkum kennsluaðferðum. Um er að ræða heildstæða móðurmálskennslu sem fléttar saman lestur, ritun, málfræði, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem er lesinn og orðaforði nemenda styrktur með umræðum um hann. Fundið er lykilorð úr textanum og það notað til að skoða orðmyndun, letur, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift, ritun og fleira. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lesturs. Ritunarvinna byggir á orðaforða þess texta sem upphaflega var unnið með. Unnið er með lestrarkennsluna í lotum og skiptist vinna nemenda í fjóra þætti: sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð. Notaðar eru margvíslegar kennsluaðferðir til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra nemenda.

## Talað mál og hlustun

### Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að bera fram öll íslensk máhljóð
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum

- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- hlusti á upplestur, sögur, ævintýri og ljóð bæði sem kennari les og flutt er á annan hátt
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- endursegi og /eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu

### **Efnisþættir**

Upplestur kennara, nemenda og annarra. Framsögn, söngur, framkoma.

### **Leiðir að markmiðum**

Nemendur hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og þulum. Nemendur ræða efni sögunnar, einstök orð og orðasambönd. Nemendur sýna og segja frá myndum sem þeir búa til í tengslum við texta. Nemendur æfa sig í að lesa upphátt hverjir fyrir aðra eigin texta og annarra. Nemendur eru þjálfaðir í því að sýna þeim sem talar virðingu með því að hlusta á þá. Nemendur eru hvattir til að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti af athygli þegar þeir fá fyrirmæli um verkefni eða þeim eru sögð

mikilvæg skilaboð. Nemendur syngja saman í samsöng hálfsmánaðarlega og taka þátt í atriði sem sýnt er á jólaskemmtun fyrir foreldra og skólasystkini. Þeir koma einnig fram á bekkjarskemmtunum og flytja undirbúið efni fyrir gesti.

### **Námsgögn**

Sögur, leikrit, sönglög, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Myndir og ritsmíðar nemenda.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat, framsögn og framkoma metin reglulega og rædd einstaklinglega og við hópinn sem heild.

### **Heimanám**

Nemendur lesa upphátt heima alla daga vikunnar.

### **Lestur og bókmenntir**

#### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- vinni með eigin frásagnir og sögur til að örva þá til lesturs
- vinni fjölbreytt verkefni við hæfi sem örva þá til lesturs
- lesi bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- vinni verkefni við hæfi sem auka orðaforða og efla les- og málskilning
- geti lesið sér til gagns og ánægju
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga

- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólabókasafni
- auki lestrarhraða sinn. Viðmið í lok 2. bekkjar eru 50-100 atkvæði á mínútu
- auki orðaforða sinn og efli málskilning
- efli lesskilning
- kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og sögusvið
- kynnist sögum, leikritum, ljóðum og þulum frá ýmsum löndum
- læri nokkrar vísur, þulur og ljóð
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum
- fari á skólasafn og skoði og lesi þar bækur
- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á

### **Efnisþættir**

Orðaforði, bækur, sögur, leikrit, ljóð, þulur, upplestur, hljóðlestur, yndislestur, kórlestur, upplýsingaöflun, umræður.

### **Leiðir að markmiðum**

Nemendur lesa upphátt hverjir fyrir aðra, í kórlestri og fyrir kennara sögur sem unnið er með hverju sinni. Nemendur lesa ýmist upprunalega textann eða semja texta sjálfir. Nemendur æfa sig í að lesa orð úr textanum og orð sem búin eru til úr lykilorðinu með því að spila sérútbúin spil.

Nemendur og kennarar ræða saman efni sögunnar og kennari spyr spurninga úr sögunni. Nemendur fá síðan spurningar sem þeir vinna einstaklingslega og að því loknu bera þeir saman bækur sínar, tveir til þrír saman.

Lögð er áhersla á að hafa texta sem verið er að vinna með sýnilegan þannig að nemendur lesi hverjir hjá öðrum.

Lestraráttak þar sem nemendur lesa í hljóði á hverjum degi í byrjun skóladags verður tvisvar yfir veturinn.

### **Námsgögn**

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Sérútbúin verkefni sem reyna á lesskilning, sérútbúin spil sem reyna á tæknilega hlið lesturs, ýmsar lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og lokamati. Í leiðsagnarmati eru skoðaðir ýmsir þættir eins og frumkvæði, áhugi, vinnufærni og framfarir. Fylgst er með heimalestri og framförum í lestri (viðmiðið er að nemendur lesi að minnsta kosti 5 sinnum í viku heima). Lögð eru fyrir lesskimunarpróf (Læsi 1 og 2) fyrir og eftir áramót. Lokamat felur í sér hraðlestrar- og lesskilningspróf tvisvar á ári, við lok hvorrar annar. Gefinn er upp atkvæðafjöldi á mínútu á vitnisburðarblað tvisvar á vetri.

### **Heimanám**

Nemendur lesa heima a.m.k. fimm daga vikunnar. Bækurnar eru valdar út frá getu hvers og eins.

## Ritun

### Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að draga rétt til staf
- fái margs konar tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um
- þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- semji texta við eigin myndir og annarra, semji sögur og ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfir eða með aðstoð
- skrái sjálfir eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig við ritun

### Efnisþættir

Stafastærð, hástafir, lágstafir, bil milli orða, réttiritun, sögu- og ljóðagerð.

### Leiðir að markmiðum

Einstaklingsvinna:

Við lykilorðavinnu er farið í hvernig stafir í orðinu eru skrifaðir. Nemendur og kennari finna í sameiningu ný orð úr stöfum lykilorðsins og skrá þau í stílabækur. Nemendur nota línurnar sem hjálparlínur; oftast fylla lágstafir eina línu og hástafir tvær.

Nemendur fá þjálfun í að draga rétt til stafs eftir fyrirmynd og skrifa í hefðbundnar skrifarbækur. Nemendur skrifa stafsetningaræfingar, rétt eftir réttu og þá er notast við þann texta sem verið er að vinna með hverju sinni.

Nemendur skrifa heima orð í orðabók eftir heimalestur (Viðmiðið er fimm orð á dag, a.m.k. fimm sinnum í viku).

Para- hópvinna:

Nemendur vinna saman tveir eða fleiri við að skrásetja orð eftir fyrirmynd á ýmsan hátt með því að nota dagblöð, tölvur, stafaspil o.fl.

Nemendur semja saman eða einstaklingslega texta (sögur, ljóð, frásagnir) sem byggir að einhverju leyti á orðaforða þess texta sem verið er að vinna með í hvert skipti.

### **Námsgögn**

Skrift 2, Góður betur bestur, 2A og/eða 2B. Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og lokamati. Í leiðsagnarmati eru skoðaðir ýmsir þættir eins og frumkvæði, áhugi, vinnufærni og framfarir.

Lokamat, skriftarpróf tvisvar á vetri.

[Hér](#) má sjá námsmatskvarða sem stuðst er við í 1. – 4. bekk í ritun

### **Heimanám**

Nemendur skrifa í heimaskrifarbækur, sögubók og orðabók. Áhersla er lögð á að þeir dragi rétt til stafs og vandi allan frágang.

## Málfræði

### Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki hugtökin bókstafur, sérhljóði, samhljóði, orð og setning
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- geri sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- átti sig á að orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum
- kunni að ríma og fái tilfinningu fyrir hrynjandi orða og atkvæðum
- fái fjölbreytt tækifæri til að nota og leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt

### Efnisþættir

Bókstafur, hljóð, sérhljóð, samhljóð, orð, setningar, rím, samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.

### Leiðir að markmiðum

Í lykilorðavinnu er farið í hvern staf og hljóð hans. Lykilorð eru notuð til að fjalla um rím, samsett orð, samheiti, andheiti, sérnöfn, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Nemendur finna út hvað titill á sögum, bókum eða ljóðum sem lesinn er fyrir þá innihalda mörg orð og að orð mynda setningu.

### Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Þínulitla Ritrún, ýmis sérútbúin verkefni sem taka á ofangreindum efnisþáttum., Kennsluforrit t.d. Orðakistur,

Ritbjörg A-Ö, ABC 123, Snilliheimar, Stafaleikir Búa og Bínu, Glói og lestrareyjan, T-X10 og Tölvulottó.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og lokamati. Í leiðsagnarmati eru skoðaðir ýmsir þættir eins og frumkvæði, áhugi, vinnufærni og framfarir.

Lokamat, byggir á vinnubrögðum og vinnusemi yfir tímabilið. Vinnubækur metnar.

### **Heimanám**

Nemendur vinna verkefni sem taka á ofangreindum þáttum.

## Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Stærðfræði og tungumál

#### Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið og skrifað náttúrulegar tölur allt að 1000
- lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- túlki niðurstöður útreikninga á grundvelli gagnasöfnunar, munnlega, með skýringarmyndum og á táknmáli stærðfræðinnar
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta (t.d. kubba eða talnagrindar) eða myndrænna skýringa
- þekki algeng stærðfræðihugtök og tákn fyrir þau s.s. meira en, minna en, jafnt og, samlagningu og frádrátt
- geti lesið úr einföldum súluritum

### Lausnir verkefna og þrauta

#### Meginmarkmið

Að nemendur

- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum við úrlausn vandamála
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir

## **Röksamhengi og röksemdafærslur**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- fari í leiki og spil, s.s. lúdó, myllu eða skák, sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni

## **Tengsl við daglegt líf og önnur svið**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- vinni með peninga/kennslupeninga, flokki eftir tegund myntar og telji saman ákveðna upphæð
- þjálfist í að vigta misþunga hluti
- ræði hugtök tengd hitamælingum, s.s. heitur, kaldur, hlýr
- fylgist með veðrinu og lesi hitastig af hitamæli
- ræði um tímatal, m.a. um vikur, mánuði og ár
- vinni með klukku, bæði talna- og skífuklukku

## **Tölur**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- áætli fjölda hluta, telji með aðstoð talnagrindar eða sætisgildiskubba og sannreyni ágiskun sína
- raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum, t.d. oddatölur, tugi, tölur sem enda á 5 o.fl.
- vinni með talnalínu til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu tugakerfisins

- noti vasareikni til að skoða hvernig tölur breytast þegar bætt er við tug, hundraði eða þúsundi

## **Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem leggja þarf saman, draga frá og margfalda til að finna lausnir
- noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða og kanna innbyrðis tengsl þeirra
- skoði hvernig margföldunartöflur mynda talnamynstur út frá endurtekinni samlagningu, t.d. með því að lita tölur í margföldunartöflum og athuga mynstrin
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við úrlausn verkefna, s.s. smáhluti, kubba, talnagrindur, reiknivélar og skýringarmyndir
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning

## **Mynstur og algebra**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- skoði og myndi talnamynstur, s.s. hvernig mynstur sléttra talna og oddatalna er í talnatöflu þar sem tölunum 1-100 er raðað í 10 dálka, 5 dálka o.s.frv.
- æfi talnarunur, t.d. með því að klappa og telja um leið en segja bara aðra, þriðju eða fimmtu hverja tölu upphátt

## **Rúmfræði**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi
- búi til flatarmyndir úr tvívíðum formum
- mæli með stöðluðum einingum, s.s. sentíkubbum og beri saman við mælingar með reglustiku eða málbandi (cm, dm, m)
- kanni rúmmál vökva með því að hella á milli íláta og beri saman við upplýsingar um magn á umbúðum

## **Tölfræði og líkindafræði**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- geri töflur og einföld súlurit um áhugamál sín eða annað sem tengist daglegu lífi
- taki þátt í umræðum og fáist við útreikninga út frá þeim upplýsingum sem er að finna í súluritunum

## **Efnisþættir**

Samlagning, frádráttur, margföldun, flatarmál, klukkan, lesi úr súluritum og töflum, vinna áfram með dagatöl, mæla með reglustiku, málbandi/ og vökva, ýmis mynstur mismunandi form s.s. hring, þríhyrning, ferning og rétthyrning, spegla, leysa þrautir og þrautalausnir, semja stærðfræðisögur og nota stærðfræðihugtök í umræðum og læra reglur nokkurra spila tengdum stærðfræði.

## **Leiðir að markmiðum**

Kennsla fer aðallega fram í hópum með innlögn í upphafi hvers kennsluþátta, með umræðum, sýnidæmum á töflu, notkun myndvarpa, notkun skjávarpa og hlutbundinni kennslu. Nemendur vinna einstaklingslega og í hóp. Einnig er stöðvarvinna, könnunarnám, val og útikennsla. Nemendur vinna hlutbundið með námsgögn stærðfræðinnar (kubbar og talnagrindur). Mikilvægt er að öll kennslutæki séu nemendum innan seilingar s.s. kennslupeningar, kubbar, speglar, málbönd o.fl.

Þeir fara í vettvangsferðir, gera athuganir á umhverfinu og vinna úr niðurstöðum. Nemendur kynna niðurstöður sínar munnlega (stærðfræðilegar umræður), skriflega og myndrænt. Leitast er við að tengja stærðfræði við aðrar námsgreinar. Nemendur fylgjast að í sömu bók en komið er á móts við ólíkar þarfir nemenda með mismunandi útfærslu viðfangsefna.

## **Námsgögn**

Grunnbækur eru Eining 3, Eining 4, Línan 3 og Línan 4. Verkefnablöð eru unnin samhliða. Viltu reyna bækurnar eftir getu hvers og eins. Verkefni fyrir vasareikni, hefti 1 og 2.

Önnur námsgögn eru: kubbar, pinnabretti, kennslupeningar, málbönd og mælistikur, vogir, speglar, klukkur og ýmis spil.

Kennsluforrit, s.s. Glói í stærðfræði, Snilliheimar, Talnalínan, Eining, Snót og Snáði, Leikver, Klukkan, Talnaspil, Slönguspilið.

## **Námsmat**

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og lokamati. Í leiðsagnarmati eru skoðaðir ýmsir þættir eins og frumkvæði, áhugi, vinnufærni og framfarir.

Lokamat, byggir á vinnubrögðum og vinnusemi yfir tímabilið. Vinnubækur eru metnar og stærðfræðiþróf tekin í lok hvorrar annar.

### **Heimanám**

Nemendur vinna í stærðfræðihefti, Línuna 3 og Línuna 4 heima. Þar fá þeir frekari þjálfun á því sem verið er að vinna í skólanum.

# Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Meginmarkmið

Að nemendur

- læri um heimabyggð sína og nánasta umhverfi
- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi, þjóðfélagi og að því fylgi ábyrgð
- læri um stofnun lýðveldisins Ísland
- kynnist sérkennum íslenskrar menningar og samfélags
- kynnist ólíkum menningarheimum og áhrifum fjölmennningar á samtímann
- læri um náttúru og náttúruauðlindir Íslands
- læri um sérstöðu Íslands og þau áhrif sem hafa mótað íslenska menningu og þjóð til sjávar og sveita.
- þekki mun á náttúrulegum og manngerðum verðmætum

## Efnisþættir

Nánasta umhverfi nemandans, þekktir staðir á Íslandi t.d. Reykjavík, Þingvellir, Vatnajökull, Hekla o.fl., sögulegar byggingar í Reykjavíkurborg t.d. Alþingishúsið og Stjórnarráðið. Jón Sigurðsson, Íslenski fáninn, skjaldamerki Íslands og landvættirnir. Fjarlæg og ólík menningarsvæði.

## **Leiðir að markmiðum**

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunnar, spurninga úr efni kennslubókar, kannanir/athuganir og samþætt þemaverkefni. Einnig vinna nemendur að verkefnum saman í hópum. Leitað er fanga á vef og í bókum þegar unnið er dýpra með efni.

## **Námsgögn**

Komdu og skoðaðu land og þjóð, Komdu og skoðaðu hafið, efni af námsvef og myndbönd.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum: vinnu nemenda, virkni, hlustun í tímum og vinnubók.

Lokamat: Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn, vinnubækur og virkni í tímum metin að vori.

## **Heimanám**

Sögugerð og/eða ljóð tengd viðfangsefnum samfélagsfræðinnar.

## Náttúrufræði

Markmið í náttúrufræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að umgangast náttúruna af virðingu
- öðlist skilning á tengslum manns og umhverfis
- öðlist skilning á hegðun og atferli dýra
- geri sér grein fyrir því hvernig mismunandi lífsskilyrði og umhverfi geta mótað einkenni lífvera
- þekki nokkrar algengar fugla- og fisktegundir
- kynnist einföldum lífsferlum t.d.sáningu fræja
- geri veðurathuganir og ýmsir tilraunir

### Efnisþættir

Árstíðirnar, veðrið, dýr, fuglar, fiskar og hafið.

### Leiðir að markmiðum

Hvert viðfagnsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunnar, spurninga úr efni kennslubókar, kannanir/athuganir og samþætt þemaverkefni. Einnig vinna nemendur að verkefnum saman í hópum. Leitað er fanga á vef og í bókum þegar unnið er dýpra

með efni. Leitast er við að vettvangsferðir og útikennsla sé tengd efnispáttunum náttúrufræðinnar.

### **Námsgögn**

Komdu og skoðu hvað dýrin gera, Komdu og skoðu hafið, myndbönd, fræðibækur, kennsluforrit og efni af vef.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á vinnu nemenda, virkni og vinnubók.

Lokamat: Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn, vinnubækur og virkni í tímum metin að vori.

### **Heimanám**

Sögugerð og/eða ljóð tengd viðfangsefnum náttúrufræðinnar.

# Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist völdum frásögnum úr Gamla- og Nýja testamentinu í einfaldaðri mynd, m. a. sköpunarsögunni og Nóa og syndaflóðinu
- læri um aðventuna, jólin og páskana
- kynnist siðum og bænum sem tengjast trúarbrögðum
- kynnist frásögnum af dauða og upprisu Jesú
- vinni við viðfangsefni sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, umburðarlyndi, jafnrétti og nærgætni
- kynnst listrænni tjáningu trúar
- fái tækifæri til listrænnar tjáningar eigin hugmynda í trúarlegu samhengi

## Efnisþættir

Barnatrú, sköpunin, Adam og Eva, Nói og syndaflóðið, jól og páskar, tákn trúarbragða.

## Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunnar, spurninga úr efni kennslubókar og

sambættra þemaverkefna. Einnig vinna nemendur að verkefnum saman í hópum. Þeir fá fræðslu um aðventuna og fara í vettvangsferð í kirkju.

### **Námsgögn**

Regnboginn og myndbönd.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum:

Lagt verður mat á vinnu nemenda, virkni og hlustun í tímum og vinnubók.

Lokamat: Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn, vinnubækur og virkni í tímum metin að vori.

### **Heimanám**

Ekkert

## Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að skilja aðra og láta sér lynda við þá
- að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi

### Efnisþættir

Umburðarlyndi, kurteisi, virðing, stríðni, gildi vináttu, tilfinningar s.s. kvíði, reiði, gleði, sorg, ótti, ósætti o.fl.

### Leiðir að markmiðum

Viðfangefni hverju sinni er lagt fyrir. Umræður fara fram í hópnum. Lögð er áhersla á að nemendur sýni þeim sem talar virðingu með góðri áheyrn. Nemendur vinna síðan einstaklingslega eða í smáum hópum að lausn verkefna, ýmist munnlega, skriflega eða myndrænt. Viðfangsefni lífsleikninnar tengjast daglegu skólastarfi órjúfanlegum böndum og leitast verður við að styrkja hæfni nemenda í leik og starfi. Nemendum er leiðbeint með að ræða um tilfinningar, þeir æfðir í leysa úr vanda og kenndar aðferðir sem draga úr árásarhneigð.

## **Námsgögn**

Stig af stigi

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á áhuga og virkni í kennslustundum, sem og framkomu og tillitssemi við samnemendur.

Lokamat: Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn og umsögn gefin að vori.

## **Heimanám**

Ekkert

## Tölvu og upplýsingamennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)  
Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í  
vetur.

### Tæknilæsi

#### Meginmarkmið

Að nemendur

- læri og þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- þekki helstu hluta tölvunnar
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð
- hafi unnið með kennsluforrit tengd nokkrum námsgreinum
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- læri að leita sér upplýsinga á Netinu
- átti sig á hvernig lyklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta
- kynnist ritvinnsluforriti og ritþjálf

### Efnisþættir

Ritþjálfí (verkefni í ritvinnslu), jaðartæki tölvunnar, s.s. skjár, prentari, lyklaborð, mús o.fl. Leitarsíður á Netinu (google og leit). Krakkasíður Námsgagnastofnunnar.

## **Leiðir að markmiðum**

Kennslustundir eru nýttar til þjálfunar í ritvinnslu eða valin verkefni lögð fyrir hópinn. Nemendur eru þjálfaðir í að nýta tölvu til náms og þekkingarleitar.

Samþætting við aðrar námsgreinar er höfð að leiðarljósi.

## **Námsgögn**

Á músarslóð 1, ritþjálfari, tölvur í tölvuveri, kennsluforrit tengd ýmsum námsgreinum.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat: Áhugi og virkni í tímum metinn.

## **Heimanám**

Að öllu jöfnu er ekkert heimanám. Stundum geta nemendur þó þurft að vinna heima í verkefnabókina „Á músarslóð“.

## **Upplýsingalæsi**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur:

- komi reglulega á bókasafnið
- átti sig á mun á skáldsögum og fræðibókum og viti hvar gögn eru geymd á safninu
- læri að leita í léttum orðabókum
- læri á útlánakerfi safnsins
- séu hvattir til lesturs

## **Efnisþættir**

Hlustun, skoðun, lestur, upplestur, útlánakerfi, bækur og fræðibækur.

## **Leiðir að markmiðum**

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu.

Hvert efni er rætt og kynnt. Upplestur og frjálssir tímar eru hluti af kennslunni þar sem nemendur kynnast safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. til við útlánaþáttinn.

Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt safngögnum.

## **Námsgögn**

Útbúin eru verkefni við hæfi ásamt ýmsum safngögnum.

## **Námsmat**

Virgni í tímum metin og umsögn gefin til umsjónarkennara.

## **Heimanám**

Ekkert.

## **Menningarlæsi**

### **Meginmarkmið**

#### **Að nemendur**

- komi reglulega á skólasafnið og fái lánaðar bækur og fylgist með sögustundum
- kynnist ýmsum tegundum bókmennta, s.s. þjóðsögum, ævintýrum og ljóðum
- þekki nokkra íslenska barnabókahöfunda
- læri að hlusta af athygli og geti tekið þátt í umræðu um það sem lesið var

## **Efnispættir**

Lestur, upplestur, hlustun, útlán, umræður, þjóðsögur, ævintýri, ljóð og barnabókahöfundar.

## **Námsmat**

Virgni í tímum metin og umsögn gefin til umsjónarkennara.

## **Heimanám**

Ekkert.

## Myndmennt

Markmið myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- hlusti vel og vandi sig
- gangi vel um og vinni með öðrum
- komi vel fram og kurteislega
- læri fjölbreyttar aðferðir
- geti tjáð og lýst eigin reynslu á myndrænan hátt
- þekki nokkur grunnhugtök myndlistar og Listasögu
- upplifi myndlist á jákvæðan hátt og sjálfsmynd þeirra styrkist

### Efnisþættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og Listasaga, áherslan eftir aldri nemenda.

Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum.

Í nokkrum verkefnum koma fleiri en einn þáttur við sögu og kallast það blönduð tækni.

### Leiðir að markmiðum

Við upphaf hvers verkefnis í myndmenntakennslunni skipar innlögnin mikilvægan sess, henni er síðan fylgt eftir með viðeigandi myndefni sem getur ýmist verið úr bókum, veggspjöldum, mynddiskum eða spólum. Hlustun á sögur, ævintýri, ljóð og

tónlist styðja við innlögn í mörgum verkefnum . Umræður um það sem hlustað er á og það sem fyrir augu ber. Útikennsla þar sem verkefni eru unnin á vettvangi eða unnið úr efniviði sem fenginn er utandyra, inni í kennslustofunni. Vettvangsferðir eru farnar til þess að skoða og athuga hluti og aðstæður í umhverfinu og taka myndir til þess að vinna með. Heimsóknir á sýningar og söfn þegar því verður við komið. Nemendur vinna saman í hópum eða einstaklingslega. Þátttaka í þemavinnu í árgöngum, námshópum og minni hópum.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; áhugi/frumkvæði, kurteisi/tillitssemi, fyrirmæli/vinnulag, vandvirkni/frágangur og samvinna. Lokaeinkunn er gefin að vori sem byggir á þessum þáttum.

## **Textílmennt**

**Markmið textílmenntar er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)**

**Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- læri að efla verklag, vinnugleði og frumkvæði.
- læri algeng vinnubrögð í mismunandi efni.
- læri helstu hugtök og heiti textílmenntar.
- læri góða umgengni um stofu efni og áhöld.
- læri að þræða nál.
- læri að sauma nokkur einföld útsaumsspor.
- læri að ganga frá endum.
- læri að klippa.
- læri að sauma saman tvö stykki með þræðispori.
- læri að vefa.

### **Efnisþættir**

Nemendur teikna mynd t.d. furðudýr klippa og sauma saman tvöfalt í filt með þræðispori og skreyta. Nemendur vefa í litla grind. Nemendur sauma lítinn dúk með leggsaumi, þræðispori, krossaumi og aftursting. Nemendur teikna mynd t.d. sjálfsmynd og yfirfæra hana á léreft og sauma út með þeim sporgerðum sem þeir hafa lært.

## **Leiðir að markmiðum**

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á. Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að getu hvers og eins og áhersla lögð t.d. á að nemandi geti sjálfur klippt, þrætt nál og gengið frá endum. Hópkennsla þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

## **Námsgögn**

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat sem fer fram samhliða náminu og byggist á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list og verkmennta: frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er gefið í orðum að vori og byggir það á þessum þáttum.

## **Heimanám**

Ekkert

## Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist fleiri hugtökum og heitum tengd greininni
- kynnist fleiri þáttum viðar- og efnisfræða
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu
- tileinki sér kurteisi, góð samskipti og hjálpsemi

### Efnisþættir

Notkun sandpappírs notkun laufsagar, notkun þjala, notkun

brennipenna, mismunandi samsetningar, mismunandi yfirborðsmeðferðir, rými, grunnmynd og burðarvirki, skipulagning á einföldu umhverfi og líkanagerð.

## **Leiðir að markmiðum**

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er.

## **Námsgögn**

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á þessum þáttum.

## **Heimanám**

Ekkert.

# Tónmennt

Markmið í tónmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Meginmarkmið

Að nemendur

- finni ánægju af að syngja, hlusta á valda tónlist og leika á hljóðfæri
- læri íslensk barnalög og ýmis sönglög
- þjálfist í að syngja hreint og með skýrum framburði
- dýpki tónlistarskynjun með hreyfingu og taktæfingum við hlustun
- fræðist um grundvallaratriði í tónfræði
- fái að leika á skólahljóðfæri, skipulega og í frjálstri sköpun
- hlusti markviss á tónlist og læri að greina eftir heyrn hljóðfæri og efnispætti tónlistar
- taki þátt í einstaklings- og hópvinnu við margskonar tónlistarflutning

## Efnispættir

Söngur, markviss hlustun, hreyfing, leikur á hljóðfæri skólastofunnar, vinna í vinnubók og kennslubók.

## Leiðir að markmiðum

Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.

Einstaklingsvinna í vinnubók í tónmennt við skrifleg verkefni og hlustun.

## **Námsgögn**

Vinnubækur, kennslubækur og söngbækur samkvæmt árgangi, ýmiskonar viðbótarkennsluefni og hlustunarefni, skólahljóðfæri Barnaóperan Sónata, Pétur og Úlfurinn á myndbandi, bók og verkefni Nemendur fá 2 kennslustundir í viku auk morgunsöngs hálfsmánaðarlega.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/ áhuga /iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinnu. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á þessum þáttum.

## **Heimanám**

Ekkert heimanám.

## Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- læri hvers vegna fæðutegundum er raðað í fæðuhring
- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum
- læri að sífellt nart skemmir tennur
- þekki einföld áhöld og geti notað þau
- læri að fara eftir myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum
- læri um gagnsemi gersveppa við brauðgerð
- læri að virða og fara eftir reglum í kennslueldhúsi
- fái þjálfun í að þvo upp og hreinsa áhöld
- geri sér grein fyrir hvers vegna og hvenær hendur eru þvegnaðar
- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari og geti sýnt tillitssemi

### Efnisþættir

Reglur í kennslueldhúsi, hollar matarvenjur, tengsl heilbrigðis og næringar, hreinlæti og örverur, tannvernd, áhaldafraði.

### Leiðir að markmiðum:

Innlögn verkefnis. Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Nemendur vinna saman 3 – 4 að verklegum verkefnum. Í hverjum hópi er einn verkstjóri. Hlutverk

verkstjórans er að sjá til þess að allir í hópnum séu virkir þátttakendur. Nemendur skiptast á að vera verkstjórar. Markmið verkstjórahlutverksins er að efla sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð nemenda. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Skrifleg verkefni eru einstaklingsvinna.

### **Námsgögn:**

Hollt og gott fyrir 2. bekk. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á þessum þáttum.

### **Heimanám**

Ekkert

## Skólaíþróttir

Markmið í íþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

### Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

### Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við

markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska. Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

### **Námsgögn**

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

### **Námsmat**

Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Leiðsagnarmat er þegar kennarar meta getu nemenda jafnóðum, með stuttum einföldum æfingum og prófum og er það nýtt til að örva og hvetja nemendur við námið.

Námsmat er afhent í lok skólaárs.

Lokamatið samanstendur af eftirfarandi þáttum:

Niðurstöður úr æfingum og prófum, framkomu, dugnaði, vinnusemi og færni og framförum.

## Sund

Markmið í íþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- verði sjálfsöruggir og færir í vatninu
- eflist sem félagsverur ( í formi leikja)
- fái þjálfun í ýmsum æfingum með og án áhalda
- þjálfist í samvinnu í sundleikjum
- læri fjölbreyttar æfingar sem reyna á samhæfingu hreyfinga
- geti spyrnt frá bakka með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 m
- læri marglyttuflot
- læri að hoppa af bakka
- geti synt 10 m bringusund, með eða án hjálpartækja
- geti synt 10 m með skólabaksundsfótatökum, með eða án hjálpartækja
- geti synt 8 m með skriðsundsfótatökum, með eða án hjálpartækja

### Efnisþættir

Skriðsundsfótatök, skólabaksundsfótatök, sundleikir, bringusund, marglyttuflot og spyrnur frá bakka.

## **Leiðir að markmiðum**

Í gegnum leik upplifa nemendur jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Æfingar og leikir í vatni auka vellíðan og styrkja samskipti. Hópkennsla er aðalformið, en einnig er leikjaformið mikið notað. Notuð verður stöðvaþjálfun til að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur læri að meta hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum.

## **Námsgögn**

Sundflá, boltar og allskonar dýr og hringir til að kafa eftir er mikið notað.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori og byggist það á ástundun framkomu og virkni í tímum ásamt mati á því hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins. Tekið verður fram ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar.

# Dans

Markmið í dansi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð með hreyfingum, persónulega upplifun sýna á tónlist
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tá og fram og aftur
- geti dansað einföld spor í nokkrum dönsum
- taki þátt í hreyfileikjum, gangi í röð, í hring og læri hoppspor
- læri að bjóða upp í dans
- kunni mismunandi dansstöður og hald

## Efnisþættir

- Systkinadans, tvö skref , enskur vals, Klappenade, Party polki, Cha cha frumspor, Samba frumspor, línudansar, tískudansar, dans ársins og ýmsir dansleikir.

## Leiðir að markmiðum

Nemendur bæði dansa saman og eiga þá að bjóða upp og einstaklingslega þegar það á við. Farið verður í hina ýmsu dansleiki þar sem nemendur virkja ímyndunarafl sitt og sköpunargleði.

## **Námsgögn**

Ýmis tónlist.

## **Námsmat**

Ekkert námsmat.

## **Heimanám**

Ekkert sérstakt heimanám en nemendur hvattir til að æfa heima ný spor.

# Útikennsla

## Meginmarkmið

Að nemendur

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykt
- njóti útiveru og hreyfinga
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfærni sína

## Efnisþættir

Viðfangsefni í útikennslu ráðast af árstíð og viðfangsefnum í öðrum námsgreinum.

## Leiðir að markmiðum

Nemendur fara í vettvangsferðir. Þeir gera athuganir á umhverfinu bæði einstaklingslega og í hópum. Þeir upplifa sitt nánasta umhverfi með notkun allra skilningarvita í samveru og frjálsum leik.

## Námsgögn

Klemmubækur, sessur, blýantar og umhverfið.

## Námsmat

Leiðsagnarmat: Lagt er mat á færni nemenda að fara eftir fyrirmælum og halda hóp.

## Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra. Þar er boðið upp á:

- sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar
- félagsfærniþjálfun
- kennslu í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún sér um talkennslu fyrir nemendur skólans. Heba starfar í Breiðagerðisskóla á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með námsveri.

Deildarstjóri sérkennslu sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Enn fremur leggur hann fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málproska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hans óski þeir eftir því.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir.

Þau próf sem lögð eru fyrir 2. bekk eru:

- Læsi, skimun á lestrargetu. Fyrsta hefti á haustönn, annað hefti á vorönn, samræmd skimun í Reykjavík.
- Hraðlestrarpróf á haust- og vorönn
- Lesskilningspróf á haust- og vorönn